146

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fluttar | kr. | 384221 89 |
| 2. Vextir er bíða útborgunar . . . . . . . . . . . . . . | | | — | 5375 76 |
| 3. Höfuðstóll geymdur til útborgunar: | | | | |
| a. fallinn í gjalddaga 1910 . . . . . . | — | 1195 33 | | |
| b. fallinn í gjalddaga 1911 . . . . . . | — | 1988 55 | | |
| | | | — | 3183 88 |
| 4. Varasjóður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | | — | 25732 17 |
| | | Samtals | kr. | 418513 70 |

Stjórn Söfnunarsjóðs Íslands.

Reykjavík, 14. febrúar 1911.

*Eiríkur Briem.* *Magnús Stephensen.* *J. Havsteen.*

147

# Firmnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvember 1903, um verzlanaskrár, firmu- og prókúruumboð, hafa eftirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynt til innfærslu á verzlanaskrár landsins.

*I. Reykjavík.*

1. Hérmeð afturkallast frá þessum degi prókúruumboð það, sem á sínum tíma var veitt Sveini kaupmanni Sigfússyni fyrir h/f. »Sameignarkaupfélag Reykjavíkur«, en frá sama degi veitist Karli Nikúlássyni prókúruumboð fyrir nefnt hlutafélag, og mun hann undirskrifa:

pr. pr. »Sameignarkaupfélag Reykjavíkur.«
Karl Nikúlásson.

Reykjavík, 8. janúar 1911.

Pétur G. Guðmundsson. Pétur Zóphóníasson. Björn Bjarnarson.
Árni Jónsson. Þórður Sigurðsson.

2. Undirritaður M. F. Frederiksen tilkynni hérmeð firmað: »Reykjavik Pölse- og Konservefabrik samt Exportslagteri«, með fullri ábyrgð. Prókúruhafi er Edvard Milner Slagtermester, og ritar hann firmað þannig: **147**

pr. pr. »Reykjavik Pölse- og Konservefabrik samt Exportslagteri«.
E. Milner.

Reykjavík, 23. janúar 1911.

M. F. Frederiksen.

3. Eg undirrituð Þorbjörg Gunnlaugsdóttir sem einkaerfingi Jóns sáluga Þórðarsonar kaupmanns, tilkynni hérmeð, að eg mun reka verzlunina framvegis undir firmanafninu: Verzlun Jóns Þórðarsonar«. Prókúru hefir Þórður L. Jónsson kaupmaður, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. »Verzlun Jóns Þórðarsonar«.
Þórður L. Jónsson.

Reykjavík, 4. febrúar 1911.

Þorbjörg Gunnlaugsdóttir.

4. Aar 1911, d. 3. Februar, vedtoges at starte et Aktieselskab, som under Navnet Thomsen & Co. Aktieselskab, med Hjemsted og Forretningskontor i Reykjavik, driver Forretning med Agentur og Kommission. Selskabet startes med en Aktiekapital af 10000 Kroner, som er fuldt indbetalt. Hver af Aktierne lyde paa Navn. Lovene dateres i Dag. Den förste Bestyrelse bestaar af Konsul D. Thomsen og Prokurist Árni Sighvatsson. Kun D. Thomsen er berettiget til at tegne Firmaet. Meddelelser til Aktionærerne sker pr. Brev til disse.

Köbenhavn, den 3. Februar 1911.

D. Thomsen.

5. Við undirritaðir Sigurjón Ólafsson snikkari og Johan Ishöy kaupmaður, lýsum því hérmeð yfir, að Sigurjón Ólafsson er genginn úr »Húsgagnaverzluninni Ísland«, er við höfum rekið í félagi hér í bænum, og höfum við slitið þeim félagsskap að fullu. Johan Ishöy rekur verzlunina hér eftir einn, undir sama nafni sem áður, og ber einn hér eftir ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar. Hann ritar firmað:

»Húsgagnaverzlunin Ísland«
Johan Ishöy.

Reykjavík, 12. febr. 1911.

Sigurj. Ólafsson. Johan Ishöy.

147 6. Jens Lauritz Jensen kaupmaður hér í bænum tilkynnir, að hann reki verzlun með fatnað o. fl. í Austurstræti nr. 10 undir firmanafninu: »Vöruhúsið«. Hann einn ritar firmað.

7. Það tilkynnist hérmeð til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að þeir Admiral Victor Hansen og verkfræðingur cand. polyt. Jón Þorláksson í Reykjavík eru gengnir í stjórn hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co.

Reykjavík, 10. marz 1911.

H/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

Thor Jensen. Eggert Claessen.

8. Við undirrituð Thora Águsta Bryde f. Brandt, ekkja Johans Peter Thorkelin Bryde, sem sit í óskiftu búi eftir mann minn, sem lézt 13. apríl f. á., og Herluf Ingjald Bryde, tilkynnum hérmeð, að sú breyting hefir orðið á firmanu J. P. T. Bryde, sem rekur verzlun í Reykjavík, að meðundirrituð Thora Ágústa Bryde er gengin úr firmanu, og er því meðundirritaður Herluf Ingjald Bryde einn eigandi firmans með ótakmarkaðri ábyrgð.

Köbenhavn, den 11. Marts 1911.

H. I. Bryde. Thora Bryde.

9. Í stjórn Sameignarkaupfélags Reykjavíkur h/f. er sú breyting orðin, að umboð til að rita firmanafn félagsins er veitt Pétri G. Guðmundssyni bókbindara, Þorsteini Erlingssyni og Jóni Laxdal, og rita þeir firmað þannig:

Sameignarkaupfélag Reykjavíkur h/f.

Pétur G. Guðmundsson. Þorsteinn Erlingsson.

Jón Laxdal.

Reykjavík, 22. maí 1911.

Í stjórn félagsins:

Pétur G. Guðmundsson. Þórður Sigurðsson. Þorsteinn Erlingsson.

Helgi Helgason. Björn Bjarnarson.

10. Hérmeð tilkynnist til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að á aðalfundi hlutafélagsins »Völundur«, sem haldinn var 18. marz þ. á., voru þeir Hjörtur Hjartarson snikkari, Sveinn Jónsson snikkari, og Árni Jónsson bókari kosnir í

stjórn félagsins, og þeir Jón Hallgrímsson bókari og Jóhannes Lárusson snikkari til vara. 147

Reykjavík, 3. júní 1911.
Í stjórn h/f. »Völundur«
Hjörtur Hjartarson. Sveinn Jónsson. Árni Jónsson.

11. Hérmeð tilkynnum vér til firmnaskrárinnar í Reykjavik, að h/f. klæðaverksmiðjan »Iðunn« hefir veitt Snorra Jóhannssyni bókhaldara við verksmiðjufélagið hér í bænum prókúruumboð fyrir félagið í Reykjavík, og ritar hann félagið þannig:

pr. pr. H/F. klæðaverksmiðjan »Iðunn«
Snorri Jóhannsson.

Reykjavík, hinn 10. júlí 1911.
H/F. klæðaverksmiðjan »Iðunn«
Ólafur Ólafsson. Pálmi Pálsson. Jes Zimsen.

12. 21. ágúst 1911 er stofnsettur banki í Reykjavík, er nefnist: »Reykjavíkurbankinn, hlutafélag«. Formaður og framkvæmdarstjóri er konsúll D. Thomsen, meðstjórnendur Árni verzlunarstjóri Sighvatsson og Gísli kaupmaður Þorbjarnarson. Heimild til að rita firmað hefir framkvæmdarstjóri. Hlutaféð má nema alt að 1 miljón kr., er skiftist í 2 flokka: Ltra A og Ltra B. Nafnverð hlutabréfanna er 10, 100, 500 og 1000 kr. Félagið tekur til starfa fyrst um sinn með 50000 kr. hlutafé Ltra A. Hlutirnir hljóða upp á handhafa, nema eigandi óski nafn sitt skrásett. Hlutirnir eru greiddir að fullu. Aðalfundir skulu auglýstir í blaði því í Reykjavík, er flytur stjórnvaldaauglýsingar.

Fyrir hönd »Reykjavíkurbankinn, hlutafélag«.
D. Thomsen. Árni Sighvatsson. Gísli Þorbjarnarson.

Framkvæmdarstjóri ritar firmað þannig:

Reykjavíkur Bankinn H/f.
D. Thomsen.

## *II. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.*

1. Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. tilkynnir, að þeir Admiral Victor Hansen í Kaupmannahöfn og verkfræðingur cand. polyt. Jón Þorláksson í Reykjavík séu gengnir í stjórn hlutafélagsins.

147 2. Helgi Eyjólfsson kaupmaður á Þórshöfn rekur verzlun í Keflavík Gullbringusýslu með allskonar varning undir nafninu »Verzlunin Þórsmörk«. Hann er einn eigandi og ber alla ábyrgð. Prókúruumboð hefir Ársæll Ágústsson verzlunarstjóri í Keflavík, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Verzlunin Þórsmörk.
Ársæll Ágústsson.

3. Guðmundur Guðmundsson Auðnum, Klemens Egilsson Minni-Vogum, Sigurjón F. Vaage Stóru-Vogum, Bjarni Jónsson Vatnsnesi, Jón Jónsson Njarðvík, Bjarni Ólafsson Keflavík, Árni Geir Þóroddsson Keflavík og Ketill Ketilsson Kotvogi, reka verzlun með ótakmarkaðri ábyrgð í Keflavík undir nafninu: Ketill Ketilsson & Co. Prókúruumboð fyrir hönd verzlunar þessarar hefir Ólafur V. Ófeigsson kaupmaður í Keflavík, og hefir vald til að gera samninga f. h. verzlunarinnar samkvæmt firmnalögunum. Firmað rita allir í sameiningu þeir, sem samkvæmt framanskráðu reka verzlunina. Prókúristi ritar firmað þannig:

p. p. Ketill Ketilsson & Co.
Ólafur V. Ófeigsson.
Heimili verzlunarinnar Keflavík í Gullbringusýslu.

4. Thora Agusta Bryde, f. Brandt, ekkja eftir Johan Peter Thorkelin Bryde etazráð í Kaupmannahöfn, og Herluf Ingjald Bryde tilkynna, að sú breyting sé orðin á firmanu J. P. T. Bryde í Hafnarfirði, að frú Thora Águsta Bryde — sem setið hefir í óskiftu búi eftir mann sinn — er gengin úr firmanu, og er því Herluf Ingjald Bryde einn eigandi firmans með ótakmarkaðri ábyrgð.

5. Hinn 11. nóvember 1911 tilkynnir Einar Þorgilsson kaupmaður í Hafnarfirði, að hann samkvæmt ákvæðum laga nr. 42, 13. nóvbr. 1903, veiti verzlunarmanni Elíasi Halldórssyni til heimilis í Hafnarfirði prókúruumboð viðvíkjandi atvinnurekstri sínum í Hafnarfirði, og ritar hann eftirleiðis þannig:

pr. pr. Einar Þorgilsson.
Elías Halldórsson.

## *III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.*

»Kaupfélag Borgfirðinga« pantar útlendar vörur fyrir félagsmenn og annast um söln á innlendum vörum þeirra. Það hefir og söludeildir á Akranesi og í

Borgarnesi. Lög þess eru dagsett 24. jan. 1905. Yfirstjórn allra félagsmála hefir aðalfundur, sem skal haldinn á tímabilinu frá 1. jan. til 15. febrúar ár hvert. Stjórn og framkvæmd félagsmála milli funda hefir framkvæmdarstjóri. Félagið er í deildum, og ábyrgjast félagsmenn hverrar deildar allir fyrir einn og einn fyrir alla skuldbindingar deildarinnar. Framkvæmdarstjóri félagsins er Sveinn Guðmundsson á Akranesi, og hefir hann prókúruumboð. 147

### *IV. Dalasýsla.*

Stjórn Kaupfélags Hvammsfjarðar tilkynnir hérmeð, að herra Páll Ólafsson og Bjarni Jensson eru gengnir úr stjórninni, en í þeirra stað aftur kosnir Ásgeir Ásgeirsson prestur í Hvammi og Sigurbjörn Magnússon óðalsbóndi í Glerárskógum. Formaður er síra Ásgeir Ásgeirsson, og ritar hann nafn félagsins þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hvammsfjarðar
Ásgeir Ásgeirsson.

P. t. Ásgarði, 1. mai 1911.

I stjórn Kaupfélags Hvammsfjarðar.
Asgeir Ásgeirsson. Ólafur Finnsson.
Sigurbjörn Magnússon.

### *V. Barðastrandarsýsla.*

Thor Jensen og Eggert Claessen tilkynna, að í stjórn hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. séu gengnir: Admiral Victor Hansen í Kaupmannahöfn og verkfræðingur cand. polyt. Jón Þorláksson í Reykjavík.

### *VI. Ísafjarðarkaupstaður.*

P. M. Bjarnarson tilkynnir, að Magnús Torfason hafi afsalað sér $^1/_3$ í niðursuðuverksmiðjunni Ísland á Ísafirði.

147 *VII. Skaftafellssýsla.*

Thora Águsta Bryde, ekkja Johans Peter Thorkelin Bryde, sem situr í óskiftu búi eftir hann, og Herluf Ingjald Bryde, tilkynna, að sú breyting sé orðin á firmanu J. P. T. Bryde, sem rekur verzlun í Vík, að Thora Águsta Bryde sé gengin úr firmanu, en Herluf Ingjald Bryde sé einn eigandi þess með ótakmarkaðri ábyrgð.

*VIII. Vestmannaeyjasýsla.*

1. Pétur J. Thorsteinsson í Reykjavík, Gunnar Ólafsson í Vestmannaeyjum og Jóhann Þ. Jósefsson sama staðar reka í félagi verzlun í Vestmannaeyjum, fiskiveiðar og annað, sem þarað lýtur, með firmanafninu Gunnar Ólafsson & Co. Þeir hafa ótakmarkaða ábyrgð, og rita hver í sínu lagi firmað.

Pétur J. Thorsteinsson ritar:
pr. Gunnar Ólafsson & Co.
P. J. Thorsteinsson.

Gunnar Ólafsson ritar:
pr. Gunnar Ólafsson & Co.
Gunnar Ólafsson.

Jóhann Þ. Jósefsson ritar:
pr. Gunnar Ólafsson & Co.
Jóhann Þ. Jósefsson.

P. t. Reykjavík, 6. marz 1911.

Gunnar Ólafsson. P. J. Thorsteinsson.

Vestmannaeyjum, 18. marz 1911.

Jóhann Þ. Jósefsson.

2. Hlutafélagið kaupfélagið »Herjólfur« í Vestmannaeyjum rekur verzlun í Vestmannaeyjum undir firmanafninu: »Herjólfur«. Lög þess eru samþykt á félagsfundi 22. janúar 1911. Hlutaféð er 7950 krónur í 25 krónu hlutum, sem hljóða upp á nafn, og eru að fullu innborgaðir. Í stjórnarnefnd félagsins eru 5 menn og 2 til vara í forföllum hinna. Þeir eru: Halldór Gunnlaugsson héraðslæknir, formaður, Þorsteinn Jónsson útvegsbóndi í Laufási, Magnús Guðmundsson bóndi í Vesturhúsum, Gísli Lárusson bóndi í Stakagerði og Erlendur Árnason útvegsbóndi á Gilsbakka, og varamenn: Ágúst Árnason útvegsbóndi í Baldurshaga og Sveinn P. Scheving útvegsbóndi á Steinsstöðum, allir til heimilis í Vestmannaeyjum.— 13. gr. félagslaganna hljóðar svo: »Allir samningar og skuldbindingar, er meiri hluti stjórnarnefndarinnar gerir

eða undirskrifar, eru bindandi fyrir félagið. Til að selja fasteignir og veðsetja eignir, þarf þó undirskrift allrar stjórnarnefndarinnar. Einnig gefur meiri hluti stjórnarinnar starfsmönnum félagsins og öðrum, ef þurfa þykir, þau umboð, sem álítast nauðsynleg. Framkvæmdarstjóri, sem er fyrsti starfsmaður félagsins, annast öll dagleg störf þess og undirskrifar öll skjöl þarað lútandi, svo sem alla reikninga, sendibréf — ef þau ekki innihalda samninga um stórsölu eða stórkaup — vörupantanir, gefur út ávísanir, samþykkir vöruvíxla í þarfir félagsins o. fl.« — Framkvæmdarstjóri er Jón Einarsson bóndi á Gjábakka í Vestmanneyjum. 147

Öll stjórnin ritar:

Stjórn H/f. »Herjólfur«.
Halldór Gunnlaugsson. Þorsteinn Jónsson.
Magnús Guðmundsson. Gísli Lárusson.
Erlendur Árnason.

Meiri hluti stjórnarinnar ritar:

Í stjórn H/f. «Herjólfur«.
Halldór Gunnlaugsson. Þorsteinn Jónsson o. s. frv.

Framkvæmdarstjóri ritar:

pr. H/f. »Herjólfur«.
Jón Einarsson.

Vestmannaeyjum, 15. apríl 1911.

Halldór Gunnlaugsson. Erlendur Árnason. Gísli Lárusson.
Þorsteinn Jónsson. Magnús Guðmundsson.

3. Ekkjufrú Thora Ágústa Bryde f. Brandt, er situr í óskiftu búi eftir mann sinn, Johan Peter Thorkelin Bryde, sem lézt 13. apríl f. á., og Herluf Ingjald Bryde, tilkynna, að sý breyting sé orðin á firmanu J. P. T. Bryde, að ofannefnd ekkjufrú sé gengin úr firmanu, og að Herluf Ingjald Bryde sé því einn eigandi firmans með ótakmarkaðri ábyrgð.

4. H/f. kaupfélagið »Herjólfur« tilkynnir 10. október 1911, að 1. maí þ. ár sé Erlendur Árnason genginn úr stjórninni og í hans stað kosinn Sveinn P. Scheving bóndi á Steinsstöðum í Vestmannaeyjum, og að í stað varamannanna Ágústs Arnasonar og Sveins P. Scheving séu kosnir varamenn: trésmiður Erlendur Árnason á Gilsbakka og útvegsbóndi Högni Sigurðsson í Baldurshaga.